



# Sýslumannaráð

Viðtakandi:  
Nefnda- og greiningarsvið Alþingis

Stykkishólmi, 4. júní 2024

## 154. löggjafarþing 2023-2024

### Þingskjal 1372 – 926. mál

*Frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðför og lögum um nauðungarsölu  
(miðlun og form gagna, notkun fjarfundabúnaðar, birtingar o.fl.).*

## UMSÖGN

Sýslumannaráð, f.h. sýslumanna, hefur kynnt sér fyrirleggjandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðför og lögum um nauðungarsölu. Sýslumenn láta efnið til sín taka vegna verkefna sinna við framkvæmd fyrrgreindra fullnustugerða.

Sýslumannaráð fagnar þeim skrefum í átt að innleiðingu stafrænnar málsmeðferðar í fullnustugerðir sem frumvarpið boðar. Almennt er til bóta að sett séu lagaákvæði um rafrænar birtingar og opnað á þann möguleika að erindi séu lögð inn til sýslumanna með stafrænum hætti. Þá er jákvætt að rafrænar og stafrænar lausnir séu nýttar í auknum mæli til að einfalda og bæta málsmeðferð. Í stafrænum lausnum felast mörg tækifæri til bættrar opinberrar þjónustu og skilvirkari reksturs. Samtímis þarf þó að gæta þess að faglegar kröfur séu ekki vatnaðar út. Skýrt þarf að vera frá upphafi hvaða lagalegu og faglegu kröfur tölvukerfi og tæknilausnir verða að uppfylla og krefst sú forritun og þróun náins samráðs við sýslumenn. Líta þarf til stafrænnar þróunar í víðara samhengi, enda um að ræða viðvarandi þróun sem kallar á breytingar á venjum, ferlum, reglum og þjónustu. Stafræn þróun hefur þannig víðtæk heildstæð áhrif á meðferð mála hjá stjórnvöldum og það hvernig störf eru leyst af hendi, til hagsbóta fyrir alla hagaðila.

Að lokum og í samhengi við framangreint er lögð á það rík áhersla að áhrif frumvarpsins verði kostnaðarmetin og fjármagn tryggt til farsællar innleiðingar breytinganna hjá sýslumönnum, verði frumvarpið að lögum. Í því sambandi þarf m.a. að meta aukna þörf á mannafla sem leitt getur af ákvæðum frumvarpsins, vegna stýringar beiðna í mismunandi ferla eftir atvikum,



## Sýslumannaráð

aukinnar eftirfylgni með málum, fjölgunar ágreiningsmála og mögulega fjölgunar krafna um sölu á almennum markaði, svo eitthvað sé nefnt. Þá þarf að meta þann kostnað sem leiða mun af aðlögun tölvukerfa, þ.m.t. forritun þeirra, svo og innleiðingu nýrra og breyttra verkferla.

Að því sögðu hefur Sýslumannaráð eftirfarandi athugasemdir og ábendingar við einstaka greinar frumvarpsins.

### I. Breytingar á lögum um aðför nr. 90/1989.

#### 2. gr.

##### **Breyting 2. mgr. 10. gr. laga um aðför**

Ákvæðið mælir fyrir um að frumrit viðskiptabréfs skuli berast sýslumanni „án ástæðulauss dráttar“ þegar aðfararbeiðni á grunni þess hefur borist með stafrænum hætti. Með vísan til skilvirkni og skýrleika færi betur á því að tilgreina hámarksfrest sem gerðarbeiðandi hefur til framlagningar frumrits, t.d. að frumrit viðskiptabréfs skuli berast sýslumanni í síðasta lagi áður en mál er tekið fyrir eða innan viku frá móttöku aðfararbeiðni. Berist frumrit ekki innan frests eða tímamarka væri sýslumanni rétt að endursenda beiðnina.

#### 3. gr.

##### **Nýtt ákvæði, 10. gr. a. laga um aðför**

Ákvæðið varðar heimild til miðlunar og afhendingar aðfararbeiðna, tilkynninga og annarra gagna samkvæmt lögnum með rafrænum eða stafrænum hætti. Enn fremur áréttar ákvæðið að rafræn staðfesting gagna fullnægi áskilnaði laganna um áritanir og vottanir, og að tilkynningar og gögn, sem miðlað hefur verið með stafrænum eða rafrænum hætti, teljist komin til viðtakanda þegar það sé aðgengilegt þannig að unnt sé að kynna sér efni þess.

Af ákvæðinu má ráða vissa innleiðingu stafrænnar málsmeðferðar í aðfararlög, en með vísan til þess geti t.a.m. rafrænt innsiglaðri aðfararbeiðni verið miðlað rafrænt frá gerðarbeiðanda til sýslumanns án þess að pappírseintak fylgi í kjölfarið. Ákvæðið tekur þó ekki af öll tvímæli um innleiðingu stafrænnar málsmeðferðar sem valkosta gagnvart hefðbundinni pappírsmálsmeðferð, en í því er til dæmis enn gert ráð fyrir að einhvers konar „frumrit“ gagnanna þurfi í reynd að vera til, ákveði dómari að slíkt skuli lagt fram í dómi eða sýslumaður við meðferð aðfararmálsins. Orkar það tvímælis að nýtt ákvæði, sem skírskotar til frumrits gagna, sé sett samtímis því að tilvísanir til endurrita, afrita og samrita eru markvisst máðar út í þágu tæknilegs hlutleysis. Stafræn aðfararbeiðni, rafrænt staðfest eða innsigluð af hálfu gerðarbeiðanda, sem miðlað hefur verið með rafrænum hætti til sýslumanns, á sér ekki frumrit í hefðbundnum skilningi, og þar af leiðandi verður sam-, endur- eða afrit hennar ekki tekið. Getur verið örðugt fyrir aðila að uppfylla þá skyldu síðar að afhenda frumrit nema byggja áfram í grunninn á hefðbundinni pappírsmálsmeðferð að undanskildu miðlunarforminu. Þessu óháð, þá væri til bóta að auk þess sem tíundað er í ákvæðinu kæmi skýrt þar fram að einu gildi hverjar



## Sýslumannaráð

formkröfur lögin gera, s.s. til þess að gögn séu skrifleg eða bréfleg, um heimildina til rafrænnar miðlunar þeirra, í ljósi dóms Hæstaréttar í máli nr. 557/2013.

Þá er miður að 3. mgr. ákvæðisins feli ekki í sér almenna reglu þess efnis að birting gagna í stafrænu pósthólfi, skv. lögum um starfrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, teljist ávallt lögmæt birting, nema sérstakur áskilnaður sé í lögnum um annað birtingarform. Þess í stað virðist 3. mgr. einungis snúa að þeim tilkynningum og sendingum samkvæmt lögnum sem ekki er fyrir lagaáskilnaður um að skuli birtar á sérstakan hátt. Enn virðist t.a.m. gert ráð fyrir að greiðsluáskoranir skv. 7. gr. skuli birtar með ábyrgðarbréfi eða af stefnuvotti, þ.e. á pappírformi, boðanir skv. 21. gr. megi þó auk þessara birtingarmáta birta í stafrænu pósthólfi og tilkynningar skv. 80. gr. sömuleiðis, með þeim auknu kröfum þó að þær teljist eigi réttilega birtar í pósthólfi fyrr en við staðfestingu gerðarþola á móttöku.

### 5. gr.

#### **Breyting á 15. gr. laga um aðför**

Lagt er til að orðið „annað“ í 2. mgr. 15. gr. falli brott, í ljósi þess að tillaga er um að 2. másl. 2. mgr. 11. gr. falli brott, sbr. b.-lið 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

### 6. gr.

#### **Breyting á 18. gr. laga um aðför**

Ekki eru gerðar athugasemdir við að núgildandi 2. og 3. másl. 18. gr. falli brott. Hins vegar er lagt til að í stað þeirra komi svohljóðandi málsliður: „Mótteknar aðfararbeiðnir skulu skráðar í þeirri röð sem þær berast.“ Þannig verði fallið frá þeirri fyrirætlan að sýslumaður staðfesti móttöku hverrar aðfararbeiðni sem embætti hans berst, á stafrænu formi, rafrænu, sem og á pappír, en slíkt verklag er ekki viðhaft í dag. Verði þeim hluta málsliðarins haldið óbreyttum í frumvarpinu er vakin sérstök athygli á því að slík lagabreyting krefst innleiðingar í stafræna ferla og pappírferla hjá embættunum og mun leiða til aukins kostnaðar, ekki aðeins vegna forritunar og tæknilegrar aðlögunar, heldur einnig til lengri tíma vegna staðfestingar beiðna sem kunna að berast á pappír eða með tölvupósti og krefjast munu handvirkar staðfestingar á móttöku, eftir atvikum með bréfsendingum.

### 7. gr.

#### **Breyting á 21. gr. laga um aðför**

Í frumvarpinu kemur fram að krefjist gerðarbeiðandi þess í aðfararbeiðni að fjárnámi verði lokið án árangurs geti mál farið í tiltekinn farveg. Þá sé skorað á gerðarþola að upplýsa um athugasemdir eða vísa á eignir til fjárnáms ellegar verði fjárnámi lokið án árangurs að báðum aðilum fjarstöddum. Hér eru tækifæri til nýtingar stafrænnar tækni til að senda tilkynningar og móttaka upplýsingar og ábendingar, en forsenda fyrir aukinni skilvirkni er breyting á upplýsingakerfum. Að óbreyttum kerfum er um að ræða feril sem mun auka þá vinnu sem nú er lögð í meðferð aðfararmála. Í því felst kostnaður fyrir embætti sýslumanna. Því er lögð



## Sýslumannaráð

áhersla á, að gildistaka laganna taki mið af þeim tíma sem þarf til forritunar og að fjármagn sé tiltækt til þeirrar vinnu auk innleiðingar breytinga.

Í greininni er mælt fyrir um að sýslumaður uppfylli leiðbeiningaskyldu sína, í framangreindum tilvikum, í sérstakri áskorun til gerðarþola. Þannig skal sýslumaður, sbr. 4. másl. 25. gr. laganna, eftir því sem við á, veita gerðarþola eða málsvara hans nauðsynlegar leiðbeiningar um réttarstöðu hans við gerðina og um efni kröfu gerðarbeiðanda, á sama hátt og dómara í einkamáli ber að leiðbeina ólöglærðum málsaðila. Leiðbeiningar sem sýslumanni ber að veita gerðarþola skv. 25. gr. aðfararlaga miðast við að gerðin sé byrjuð. Í nýrri málsgrein er hins vegar gert ráð fyrir að leiðbeiningarskylda sé uppfyllt í áskorun án fyrirtöku, áður en gerðin hefst. Ef stöðluð áskorun með upplýsingum um meginefni kröfunnar telst nægileg leiðbeining, væri til bóta að taka það fram. Þá væri hægt að nýta upplýsingatækni og sjálfvirknivæða slíkar sendingar til að auka skilvirkni sem er eitt af markmiðum frumvarpsins.

Í nýrri 2. mgr. 21. gr. fjallar um að sýslumanni sé heimilt að ljúka gerð sem árangurslausri án nærveru málsaðila hafi gerðarþoli ekki brugðist við áskorun skv. 1. mgr. innan veitts frests. Í þágu samræmis í hugtakanotkun, svo og sökum þess að gerðin telst við þetta tímamark eigi hafin, er lagt til að orðalag málsgreinarinnar verði svohljóðandi: „Hafi gerðarþoli ekki brugðist við áskorun skv. 1. mgr. að loknum veittum fresti er sýslumanni heimilt að hefja gerð og ljúka henni sem árangurslausri án viðveru málsaðila, sbr. 2. mgr. 23. gr. og 4. tölul. 62. gr., og skal sú ákvörðun færð þá þegar í gerðabók og tilkynnt málsaðilum.“

Í nýrri 3. mgr. fjallar um boðun gerðarþola til gerðar, sem nú er hluti 1. mgr. ákvæðisins. Ekki eru gerðar athugasemdir við málsgreinina.

Í nýrri 4. mgr. er mælt fyrir um að hægt sé að birta áskoranir og tilkynningar í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Tryggja þarf forritun kerfa þannig að hægt sé að framvísa gagni með stafrænum og sannanlegum hætti um að birting hafi farið þar fram, sem væri ígildi birtingavottorðs við pappírsmálsmeðferð. Það er mikilvægt að afla megi slíks sönnunargagns um birtingartíma, -stað og -stund jafnvel þótt málsmeðferð sé stafræn, til að mynda ef mál fer áfram til úrlausnar héraðsdómara.

Svo virðist sem núgildandi 2. mgr. 21. gr. verði 5. mgr. verði frumvarpið samþykkt í núverandi mynd. Fjallar 2. mgr. um birtingu tilkynninga skv. 1. mgr., en ætla verður fyrrgreind 4. mgr. leysi hana af hólmi. Því er lagt til að núgildandi 2. mgr. falli brott.

Að lokum er lagt til að núgildandi 3. mgr. 21., sem verður 6. mgr. eða eftir atvikum 5. mgr. að teknu tilliti til framangreinds, verði breytt á þann veg að í stað „skv. 1. mgr.“ komi „skv. 1. og 3. mgr.“ til að ákvæðið haldi gildi sínu í núverandi mynd, og heimili að vikið sé hvoru tveggja frá tilkynningu um framkomna aðfararbeiðni og boðun til gerðarinnar í þeim undantekningartilvikum sem ákvæðið varðar.



## Sýslumannaráð

### 8. gr.

#### Breyting á 22. gr. laga um aðför

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að sýslumaður geti heimilað fyrirtöku gegnum fjarfundabúnað. Í ákvæðinu eru hins vegar engin viðmið um hvenær það skuli gert, en samkvæmt skýringum í greinargerð með ákvæðinu er því ætlað að veita aukið svigrúm í tilhögun mætingar fremur en um sé að ræða skilyrðislausan rétt málsaðila. Ætla verður að unnt sé að krefjast úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns samkvæmt ákvæðinu, að skilyrðum 85. gr. uppfylltum, og kynni í því sambandi að fækka ágreiningsefnum ef frekari viðmiða gætti í lagatextanum í stað greinargerðar.

### 15. gr.

#### Breyting á 62. gr. laga um aðför.

Lagt er til að nýr 4. tl., sem bætast skal skv. 15. gr. frumvarpsins við 62. gr. laganna, hljóði svo: gerð er hafin án viðveru málsaðila eftir ákvörðun sýslumanns skv. 2. mgr. 21. gr.

## II. Breytingar á lögum um nauðungarsölu nr. 90/1991.

### 23. gr.

#### Breytingar á 11. gr. nsl

Með breytingatillögunni er mælt fyrir um að tekið skuli fram í nauðungarsölubeiðni hvort þess sé óskað að nauðungarsala á eign fari fram á almennum markaði skv. ákvæðum VI. kafla laganna. Nauðungarsala á almennum markaði er háð fremur ströngum skilyrðum samkvæmt 23. gr. nsl. Þá er eftir sem áður um að ræða sölu samkvæmt skilmálum sem gilda um nauðungarsölu. Ef ætlunin er sú að eignir fari í auknum mæli í markaðssölu í stað þess að vera seldar á uppboði væri nærtækara að lagaákvæði mæli fyrir um rétt til frestunar nauðungarsölumáls í tiltekinn tíma meðan gerðarþoli freistar þess að selja eign sína sjálfur og fá fyrir hana hærra verð. Þá færi mál í bið hjá sýslumanni meðan aðilar sjálfir leysa úr málinu, eftir atvikum með aðstoð fasteignasala eða lögmanns. Samhliða slíkri breytingu þyrfti að huga að ákvæðum laganna um fresti.

Telja verður að ákvæðið geti leitt til fjölgunar mála þar sem krafa er sett fram um sölu á almennum markaði, en krafa gerðarbeiðanda þar að lútandi er ávallt háð samþykki gerðarþola. Vakin er sérstök athygli á því að umtalsvert fleiri vinnustundir starfsmanna sýslumanna fara í hvert mál sem fer í nauðungarsölu á almennum markaði samanborið við hefðbundið nauðungarsölumál. Þróun í þá átt getur því leitt til þess að fjölga þarf starfsmönnum sem starfa við nauðungarsölu, eftir því hvert umfangið verður. Í því felst kostnaðarauki fyrir embætti sýslumanna.



## Sýslumannaráð

### 24. gr.

#### Nýtt ákvæði, 11. gr. a. nsl.

Um ákvæðið vísast til athugasemda við 3. gr. hér að ofan, er varðar samsvarandi nýmæli í lögum um aðför.

### 25. gr.

#### Breyting á 16. gr. nsl.

Tillögur að breytingum á ákvæðinu snúa að því að sýslumanni verði heimilt, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, að falla frá fyrirtöku skv. 21. gr. laganna, svokallaðri fyrstu fyrirtöku. Nánar tiltekið geti sýslumaður í sérstakri áskorun, sem send verði auk tilkynningar um framkomna nauðungarsölubeiðni skv. greininni, kallað þá þegar eftir athugasemdum eða mótmælum gerðarþola við kröfu gerðarbeiðanda, sinnt leiðbeiningaskyldu sinni og innt eftir óskum um sölu á almennum markaði, þ.e. gætt að þeim atriðum sem alla jafna er gætt að við fyrstu fyrirtöku nauðungarsölu. Bregðist gerðarþoli ekki við slíkri áskorun, sem honum er gefinn sérstakur frestur til, getur sýslumaður ákveðið með bókun í gerðabók að fallið verði frá fyrstu fyrirtöku, ákveðið þá viðmiðunarfresti sem alla jafna miðast við dagsetningu fyrstu fyrirtöku og hvenær uppboð skal hefjast (byrjun uppboðs).

Um er að ræða áhugaverða tillögu er snýr að því að fækka megi fyrirtökum nauðungarsölumála reynist skilyrði til þess, með því að ganga strax í kjölfar tilkynningar/áskorunar til byrjunar uppboðs. Í ljósi þess að um heimild er að ræða en ekki skyldu eru ekki gerðar athugasemdir við tillöguna. Heimild af þessum toga gefur aukið svigrúm við innleiðingu og mun reynsla fljótt leiða í ljós hvort af henni leiðir hagræði eður ei. Þó beiting hennar kunnir að fella út eina skipulagða fyrirtöku í nauðungarsöllumáli og spara þannig tíma sem ella færi í fyrirtökuna, er hætt við að auknar kröfur til tilkynningar/áskorunar og eftirfylgni með viðbrögðum gerðarþola innan gefins frests, geti nokkuð hæglega eytt því hagræði sem af hlýst. Þá verður að gera ráð fyrir að þær ákvarðanir, sem teknar eru í skjóli heimildarinnar, megi bera undir héraðsdóm skv. 73. gr. innan viku frá þeim tíma sem aðilum varð um þær kunnugt, þ.e. frá tilkynningu um byrjun uppboðs skv. 26. gr. Beiting heimildarinnar kann þannig að leiða af sér aukna vinnslu í þeim málum þar sem henni er í reynd ætlað að spara tíma og handtök, en eins og fyrr segir verður reynslan að leiða slíkt í ljós.

Í tillögum 25. gr. frumvarpsins að breytingum á 16. gr. eru í b-lið að lokum gerðar auknar kröfur til birtinga tilkynninga/áskorana skv. ákvæðinu í stafrænu pósthólfi en leiða má almennt af lögum um stafrænt pósthólf. Er nánar tiltekið gerður áskilnaður um að gerðarþoli staðfesti móttöku á tilkynningu/áskorun til að birting í stafrænu pósthólfi teljist lögmæt. Þó rök þau sem fram eru færð í greinargerð séu góð og gild er hætta á að hagræði og gagnsemi af birtingum í stafrænu pósthólfi verði með þessu móti minna en væntingar hafa staðið til, og í sumum tilvikum lítið sem ekkert, en áfram verði nauðsynlegt að viðhafa pappírsmálingar með ábyrgðarbréfum og stefnuvottum í miklum mæli, með tilheyrandi fyrirhöfn og kostnaði. Þá er rétt að geta þess að slík gagnvirkni á birtingum í stafrænu pósthólfi hefur ekki verið þróuð svo





## Sýslumannaráð

vitað sé til, sem býður viðtakendum að staðfesta erindi sem í pósthólfíð berast. Þyrfti að hanna þá lausn sérstaklega og tengja hana upplýsingakerfi sýslumanna, með tilheyrandi forritunarkostnaði.

### **27. gr.**

#### **Breyting á 21. gr. nsl.**

Um athugasemdir við ákvæðið visast almennt til athugasemda við 8. gr. frumvarpsins hér að ofan, er varðar samsvarandi breytingu á lögum um aðför.

Því til viðbótar þykir rétt að benda á að uppboð eru opinber og fjarfundur yrði það jafnframt. Í því samhengi þarf að huga að því að nægilega öflugur fjarfundabúnaður og tengingar séu fyrir hendi hjá sýslumönnum. Að sama skapi þarf að huga að því hvernig taka skuli á þeim aðstæðum þar sem fjarfundatenging rofnar eða virkar ekki, t.d. hvort þá skuli fresta fyrirtöku eða henni framhaldið að aðilum fjarstöddum. Hér kemur til álita sérstaða fullnustugerða þar sem niðurstöður úr fyrirtökum geta haft íþyngjandi réttaráhrif.

### **30. gr.**

#### **Breyting á 31. gr. nsl.**

Ítrekaðar eru athugasemdir við 27. gr. hér að framan, um að uppboð séu opinberlega háð og opinberlega auglýst um stað og stund. Þarf að gæta að möguleikum til opinbers fjarfundahalds eigi að beita heimildinni, s.s. með hlekk á streymi, sem jafnframt gæfi kost á þáttöku mætttra, í auglýsingu um byrjun uppboðs. Enn þyrfti að taka afstöðu til þess hvað gera skal rofni fjarfundatenging eins eða fleiri viðstaddra, aðila nauðungarsölnunnar sem og þeirra sem bjóða kunna í eignina við byrjun uppboðs.

### **31. gr.**

#### **Breyting á 35. gr. nsl.**

Vísað er til niðurlags athugasemda við 25. gr. frumvarpsins hér að ofan, um áhrif þess áskilnaðar sem gerður er, um móttöku gerðarpola, til að birting tilkynningar í stafrænu pósthólfi teljist réttilega hafa farið fram. Þrátt fyrir þau gildu sjónarmið sem búa að baki er ítrekað hér að hagræði af birtingum í stafrænu pósthólfi, hinum nýja og tryggja birtingarmáta laganna, er að stóru leyti fyrir borð borið með þessu móti. Áfram verði nauðsynlegt að viðhafa pappírsmirtingar með ábyrgðarbréfum og stefnuvottum í miklum mæli, með tilheyrandi fyrirhöfn og kostnaði, og má reikna með að það verði áfram hið almenna viðmið. Þá er áréttað að sú gagnvirkni á birtingum í stafrænu pósthólfi, sem gert er ráð fyrir, hefur ekki verið þróuð svo vitað sé til. Þyrfti að hanna þá lausn sérstaklega og tengja hana upplýsingakerfi sýslumanna, með tilheyrandi forritunarkostnaði.



## Sýslumannaráð

### 41. gr.

#### Gildistökuákvæði

Frumvarpið mælir fyrir um töluverðar breytingar á þeirri málsmeðferð sem gilt hefur að meginstefnu frá 1992. Stafrænni þróun sem frumvarpið leggur til er sem fyrir segir fagnað. Mikilvægt er þó að áframhaldandi þróun á eiginlegum stafrænum lausnum eigi sér stað en ekki einungis stafvæðing, þar sem pappír og mæltu máli er breytt í tölvutækt miðlunarform. Verði frumvarpið að lögum krefst það verulegra breytinga á ferlum og verklagi hjá sýslumönnum, farsællar innleiðingar hins nýja verklags, svo og forritunar upplýsingakerfa. Afar óæskilegt er að gera slíkar breytingar með skömmum fyrirvara um mitt sumar þegar lykilstarfsfólk er í sumarleyfi. Í ljósi þessa er eindregið mælt með því að kveðið verði á um nokkurra mánaða frest frá samþykki laganna til gildistöku þeirra, til að undirbúa megi breytingarnar með viðunandi hætti hjá sýslumönnum. Þá er sérstaklega mikilvægt, til að hægt sé að vanda breytingar á ferlum, að reglugerð liggja fyrir tímanlega áður en lögin taka gildi.

Sýslumannaráð lýsir sig reiðubúið til að koma til fundar Allsherjar- og menntamálanefndar til að fara nánar yfir efni umsagnarinnar, verði eftir því leitað.

F.h. Sýslumannaráðs  
Birna Ágústsdóttir